

**Austurbrú ses. – 5. stjórnarfundur  
haldinn kl. 15, miðvikudaginn 4. júlí 2012  
að Vonarlandi Egilsstöðum**

**Mættir:** Valdimar O. Hermannsson, Sigrún Blöndal, Rögnvaldur Ólafsson, Sverrir Mar Albertsson, Skúli Björn Gunnarsson, Anna Dóra Helgadóttir og Arnbjörg Sveinsdóttir sem mætti aðeins eftir byrjun fundar. Af varamönnum mættir: Þórunn Eymundardóttir og Gauti Jóhannesson. Jafnframt framkvæmdastjóri Þorkell Pálsson.

**Dagskrá:**

1. Staða uppgjöra sameinaðra félaga
2. Fjárhagsáætlanir – frumdrög
3. Starfsmannamál
4. Húsnæðismál á Egilsstöðum
5. Stefnumótun
6. Önnur mál
  - a) Aðgerðaáætlun framkvæmdastjóra
  - b) Hugmynd um samninga við Seyðisfjarðarkaupstað
  - c) Samningar við forsætisráðuneytið vegna nýsköpunar og markaðssetningar á afurðum úr áli og sjávarfangi.

*Formaður setti fund kl. 15.05 og gengið var til dagskrár.*

**1. Staða uppgjöra sameinaðra félaga**

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir því að uppgjör sameinaðra félaga væri komið vel á veg og sumt af því búið. Beðið er eftir að þau klárast til að hægt sé að ljúka við stofnefnahagsreikning fyrir stofnunina.

**2. Fjárhagsáætlanir – frumdrög**

Framkvæmdastjóri lagði fram fyrstu drög að rekstraráætlun fyrir júní – des. Lausafjárstaða félaganna er slæm m.v. 1. júní stöðuna hjá félögum og stofnununum. Áhyggjur komu fram hjá stjórn af þessari stöðu og leggja þarf áherslu á að finna frekari sértekjur.

Stjórn óskaði eftir nákvæmari greiningu á kostnaðinum og hvernig þetta rímar við áætlunina sem gerð var af verkefnisstjórn fyrir stofnun.

**3. Starfsmannamál**

Með aðstoð Hagvangs hefur verið gengið frá ráðningu tveggja stjórnenda, Finnboga Alfreðssonar yfir nýsköpunar- og þróunarmál og Árnýjar Bjargar Bergsdóttur yfir markaðsmálin. Þau koma til starfa í ágúst. Aðrir stjórnendur eru meira og minna að detta í frí og verða ekki komnir inn aftur fyrr en í ágúst. Sameiginlegur fundur var haldinn með öllum stjórnendunum eftir að þeir voru ráðnir.

Rætt var um þessar ráðningar. Um er að ræða reynslumikla einstaklinga sem stjórn bindur miklar vonir við. Stjórn felur framkvæmdastjóra að ganga eftir að búsetuskilyrði verði virt og viðkomandi starfsmenn séu ekki í eigin rekstri af svipuðum meiði.

Auglýst voru tvö störf í símenntunarhlutanum og umsóknir um þau störf voru um 30, jafnmargar og um stjórnendastöðurnar. Verið er að ganga frá ráðningu þriggja einstaklinga í þessi tvö störf.

*Að loknum þessum lið tóku fundarmenn sér tíma til að skoða húsnæðið á Vonarlandi.*

#### **4. Húsnæðismál á Egilsstöðum**

Formaður opnaði umræðuna. Ljóst er að byggingar Vonarlands, sem eru í eigu Fasteignafélagsins Vísindagarðsins, geta rúmað starfsemina en þarfnast endurbóta og viðhalds.

Framkvæmdastjóri fór yfir þá umræðu sem hefur verið í gangi. Verið er að skoða alla kosti. Austurbrú á hluta af hæðinni í Miðvangi 2-4 þar sem Þróunarfélagið var til húsa en markmiðið er að koma starfseminni saman á einn stað.

Framkvæmdastjóri á fund í fjármálaráðuneytinu um Vonarland í vikunni.

Stjórn er einhuga um að koma starfsmönnum saman á einn stað hvernig sem gengur í viðræðum við ríkið um húsnæðismál. Framkvæmdastjóra falið að vinna að því í samræmi við umræðu fundarins þannig að allir stjórnendur verði komnir undir sama þak í ágúst.

#### **5. Stefnumótun**

Formaður fór yfir af hverju framkvæmdaráð hefði ákveðið að fresta ákvörðun um vinnu við stefnumótun. Kostnaður hefur vaxið mönnum í augum og ýmsar spurningar vaknað frá því stjórn fjallaði um það fyrir mánuði. Velt var upp spurningum um hvort hægt væri að vinna þessa stefnumótun öðruvísi og hvernig væri hægt að tryggja fjármuni til vinnunnar.

Stjórn er einhuga um fara verði í stefnumótunarvinnu og að hún hefjist síðsumars þegar starfsmenn verða allir komnir til starfa. Samþykkt að fresta hins vegar þeirri vinnu við stefnumótun sem ákveðin var á fundi 5. júní fram á haust og gefa sér tíma til að endurskoða aðferðafræðina.

#### **6. Önnur mál**

##### **a) Aðgerðaáætlun framkvæmdastjóra**

Framkvæmdastjóri sendi stjórn aðgerðaáætlun í kjölfar síðasta stjórnarfundar og fór framkvæmdaráð yfir hana með honum á fundi í síðustu viku. Rætt var um hvað hefði gerst frá síðasta stjórnarfundum og framkvæmdastjóri svaraði spurningum stjórnarmanna um leið og hann fór yfir stöðu aðgerða.

Rík áhersla lögð á að vinna af krafti í kynningarmálum og koma Austurbrú betur að, ekki síst í ljósi neikvæðrar fyrirsagnar á forsíðu Austurgluggans í síðustu viku.

##### **b) Samningar við Seyðisfjarðarkaupstað**

Framkvæmdastjóri sagði vilja til viðræðna um samstarf um starfstöð á Seyðisfirði en þær væru ekki langt á veg komnar.

**c) Samningar við forsætisráðuneytið**

Framkvæmdastjóri er að fara á fund á föstudaginn um verkefni sem snerta nýsköpun og markaðssetningu á áli og sjávarfangi sem ríkisstjórnin samþykkti að setja 20 m.kr. í við stofnun Austurbrúar.

**d) Fundargögn og fundarsköp**

Rætt var um mikilvægi þess að fá fundargögn vel fyrir fund, koma fundargerðum á netið og hafa framkvæmdaráðsfundi inni á dagskrá stjórnarfunda. Samþykkt var að fela Skúla Birni og Sigrúnu Blöndal að koma með drög að vinnureglum og fundarsköpum fyrir stjórnina inn á næsta stjórnarfund.

*Framkvæmdastjóri yfirgaf fundinn kl. 18.30.*

**e) Umræður um starfsmannamál**

Lagt mat á stöðu starfsmannamála og hvað hafi gerst frá stjórnarfundum 20. júní.

*Rögnvaldur yfirgaf fundinn kl. 19.10 til að ná flugi suður.*

Samhljóða ákvörðun tekin um að gera samkomulag við framkvæmdastjóra um starfslok við lok fjögurra mánaða reynslutíma í júlilok. Samþykkt að fela framkvæmdaráði að ljúka því máli á grundvelli umræðna fundarins. Næsti fundur framkvæmdaráðs verður 10. júlí og mun formaður boða til stjórnarfundar í kjölfarið.

*Fundi slitið kl. 19.30.*

Skúli Björn ritaði fundargerð

Valdimar O. Hermannsson

Sigrún Blöndal

Rögnvaldur Ólafsson

Sverrir Mar Albertsson

Anna Dóra Helgadóttir

Arnbjörg Sveinsdóttir

Þórunn Eymundardóttir

Gauti Jóhannesson